

Kennsluáætlun í reikningi og talnalæsi - 1.bekkur 2024-2025

Waldorfskólinn Sólstafir

Kennari: Guðbrandur Bragason

Kennsla í reikningi / talnalæsi fer fram í einni lotu á haustönn og tveimur lotum á vorönn. (sjá lotur á stundaskrá 1. bekkjar) Að auki er fastur reiknings tími einu sinni í viku allt árið.

Kennsluáðferðir og efni:

Unnið með frásagnarformið, sögur og ævintýri.

Unnið með rythmatalningu með handaklappi og fótastappi. Lært í gegnum leiki og spil. Teningar, spilastokkar, steinar og annar náttúrulegur efniviður nýttur.

Markmið:

Að nemendur

- læri að telja og þekkja tölur, bæði rómversku og arabísku
- læri að telja upp í 100 og afturábak frá 20
- þekki oddatölur og sléttar tölur
- læri að telja annan hvern tölustaf, þriðja hvern og fjórða hvern
- hafi raunhæfan skilning á hvað liggur að baki hverrar tölu
- þekki reikningsaðferðirnar fjórar, plús, mínus, margföldun og deilingu
- geti leyst einföld hugarreikningsdæmi

Námsmat:

Virkni og þátttaka í tímum.

Vinnubrögð og frágangur.

Talnaskilningur.

Samskipti við samnemendur, kennara og skólaliða.

Sjá má hæfniviðmið á vefsíðu skólans: waldorf.is